

## Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 20. ágúst, var haldinn 137. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.03. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Raket Dögg Óskarsdóttir, Hulda Gísladóttir, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir og Margrét Marteinsdóttir. Einnig sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina.

### Þetta gerðist

1. Leikskólinn Sæborg gefur Vesturgarði listaverk: Leikskólinn Sæborg kom í heimsókn og gaf Vesturgarði listaverk sem elstu börn leikskólans unnu á vormánuðum 2015. Var mikil gleði með þessa gjöf hjá starfsmönnum og Hverfisráði Vesturbæjar.
  2. Viðbygging við Vesturbæjarskóla: Hverfisráðið fagnaði þessari byggingu, en upplýsingar vantaði til ráðsins að þessi bygging ætti að fara í byggingu núna í haust.
- Kl. 12.07 Kjartan tekur sæti á fundi
  - Kl. 12.07 Marta tekur sæti á fundi

### Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Vesturbæjar lýsir mikilli ánægju með að nú hefjist framkvæmdir við viðbyggingu við Vesturbæjarskóla. Framkvæmdir þessar ber mjög brátt að og komu meðlimum í hverfisráðinu nokkuð á óvart. Hverfisráð Vesturbæjar hefði gaman að því að vita hvernig viðbyggingin muni koma til með að líta út og hvaða aðstöðu sé gert ráð fyrir í byggingunni. Þá væri áhugavert að vita hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á lóð skólans. Hverfisráð Vesturbæjar óskar eftir því að veittar verði upplýsingar um það samráðs og kynningarferli sem viðhaft var við hönnun viðbyggingarinnar.

3. Deiliskipulag Örfirisey: Hverfisráðið skoðaði deiliskipulagið og ákvað að fá fulltrúa borgarinnar frá USK til að vera með nánari kynningu á næsta fundi ráðsins.
4. Lóð Sundlaugar Vesturbæjar: Hverfisráð hvetur borgina til að koma með nánari skilgreiningu og skipulag á svæðinu.

### Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Vesturbæjar óskar eindregið eftir aðstoð Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar við skipuleggja tón Vesturbæjarlaugarinnar. Ýmsar hugmyndir hafa gegnum tíðina komið fram og rætt er um ýmis not á lóðinni sem er stór og miðsvæðis í hverfinu. Hverfisráðið mun í vetur beita sér fyrir samtali við íbúa um framtíðarhönnun og skipulag svæðisins. Til skemmri tíma lítið væri ákjósanlegt að lítið verði á umhirðu og afmörkun lóðarinnar og bílastæða. Sinna þarf betur gróðri og umhirðu svæðisins.

5. Skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar: Halldór Nikulás Lárusson kom og kynnti skýrsluna fyrir ráðinu.

### Fundi slitið kl. 13.30

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)  
Margrét Marteinsdóttir (sign)

Kjartan Magnússon (sign)  
Marta Guðjónsdóttir (sign)